

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2010

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2010 og um stöðu þjóðarbúsins í lok fjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 27 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 1 ma.kr. afgang á sama tímabili árið áður. Rúmlega 31 ma.kr. afgangur var á vöruskiptum við útlönd en tæplega 4 ma.kr. halli var á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var neikvæður um 52,5 ma.kr.

Halla á þáttatekjum má að hluta rekja til innlánsstofnana í slitameðferð með áætlaða áfallna vexti af erlendum skuldum þeirra. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð væri neikvæður um 30 ma.kr. og viðskiptajöfnuður neikvæður um 5 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 8.471 ma.kr. í lok fyrsta ársfjórðungsins 2010 en skuldir voru 14.365 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 5.895 ma.kr. samanborið við 6.295 mat.kr. í árslok 2009. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 1.946 ma.kr. og skuldir 3.028 ma.kr. Hrein staða var því neikvæð um 1.082 ma.kr. að þeim undanskildum.

Enn eru takmarkaðar upplýsingar um erlendar eignir og skuldir banka í slitameðferð. Þær eru því framreiknaðar eins og þær stóðu við þrot þeirra og sýndar sérstaklega í liðnum „Innlánsstofnanir í slitameðferð“ sem er undirliður liðarins „Aðrir geirar“.

Hagtölur greiðslujafnaðar og erlendra stöðu ársins 2009 hafa verið endurskoðaðar og leiðréttar vegna betri upplýsinga um beina fjárfestingu.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2009 /1</u>	<u>2009 /2</u>	<u>2009 /3</u>	<u>2009 /4</u>	<u>2010 /1</u>
Viðskiptajöfnuður	1,2	-0,7	-35,9	-19,1	-27,1
Útflutningur vöru og þjónustu	164,6	182,0	226,3	208,3	193,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-141,5	-155,3	-181,9	-172,9	-165,5
Þáttatekjur og framlög, nettó	-21,8	-27,4	-80,1	-54,5	-54,9
Fjármagnsjöfnuður	-38,3	113,5	-67,2	395,4	-59,6
Fjármagnshreyfingar án forða	-72,5	77,7	-21,9	446,4	-44,2
Erlendar eignir, nettó	-32,0	-74,1	53,8	-24,0	-32,5
Erlendar skuldir, nettó	-33,3	-73,2	79,1	33,7	-11,7
Gjaldeyrisforði (- aukning)	34,6	36,1	-44,9	-50,6	-15,1
Skekkjur og vantalið nettó	37,0	-112,8	102,9	-376,3	86,7

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2009 /1</u>	<u>2009 /2</u>	<u>2009 /3</u>	<u>2009 /4</u>	<u>2010 /1</u>
Erlendar eignir, alls	7.918	8.760	8.807	8.300	8.471
Bein fjárfesting erlendis	968	955	893	255	192
Erlend markaðsverðbréf	1.763	2.002	2.073	2.078	2.151
Aðrar fjáreignir en forði	4.803	5.418	5.406	5.483	5.638
Gjaldeyrisforði	384	384	435	485	490
Erlendar skuldir, alls	13.629	14.772	14.698	14.595	14.365
Bein fjárfesting á Íslandi	998	1.091	1.057	1.035	1.006
Innlend markaðsverðbréf	5.515	5.578	5.427	4.965	4.512
Aðrar erlendar skuldir	7.041	8.021	8.157	8.596	8.847
Hrein staða við útlönd	-5.711	-6.012	-5.891	-6.295	-5.895

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.